# LEIKSKÓLI Í URRIÐAHOLTI



**Sýn**
Tillagan hefur það markmið að skapa spennandi ævintýraheim með fjölbreyttu og barna miðað umhverfi sem örvar ímyndunaraflið, sem hefur stórar áskorarnir fyrir börn, eykur meðvitund og styrkir félagslega hæfni. Leikskólinn í Urriðarholti á að vera annað heimili barnanna. Hann er hlýlegur og öruggur. Mikil áhersla hefur verið lögð á að leikskólinn falli vel inn í umhverfið.

**Markmið**
Markmiðið er að skapa góða og hlýlega umgjörð um mikilvæga og fjölbreytta starfsemi leikskólans. Þar verði umgjörð fyrir börn til að þroskast, skapa og upplifa leikgleði.

**Innra skipulag**
Við hönnun leikskólans var lögð áhersla á sveigjanleika innra skipulags. Úr anddyri er komið inn á miðlægt torg þar sem börnin geta borða og sem líka er kjörið til samkomuhalds innan skólans. Á jarðhæð eru öll sex heimasvæði ásamt sameiginlegum svæðum og inngangi sem þeim tilheyra. Einnig er á jarðhæðinni starfsmannaaðstaða, eldhús og fjölnotasalur ásamt stoðrýmum. Stórir gluggar auk glugga í útveggjum veita næga dagsbirtu inn í rými jarðhæðarinar. Fjölnotasalurinn er staðsettur í miðju húsinu. Stórir gluggar opna fjölnotasal og hleypa þægilegri birtu inn í rýmið. Sérinngangar eru að fataklefum deildanna. Tæknirými eru í norðurhluta húsins.

**Lóð**
Efnisnotkun á lóð helst í hendur við efnisnotkun nýbyggingarinnar. Lóðin er hönnuð með það að markmiði að hún geti þjóna öllum aldurshópum, þar geti farið farm fjölbreytt kennsla og leitast er að tengja umhverfið og náttúruna saman. Úti lóðin er lífleg og fjölbreytt með áherslu á náttúruleg hráefni s.s. grjóti, gróðri, endurnýttum tré- og rekavið. Miðpunktur leiksvæðisins verður laut með bekkjum fyrir mannsöfnuð og útikennslu. Ungbarnasvæðið verður staðsett á suðurhluta lóðrinnar

**Þakfletir**
Á þakið er lagt yfirborðsefni úr náttúrulegum jarðvegsefnum. Á þakið verður lagt gras með fjölbreyttum lággróðri til að auka líffræðilegan fjölbreytileika. Græna þakið gerir vistkerfi kleift að eiga sér stað í umhverfis- og menntunarskyni.




**Stærðir**
Uppröðun á stærðir samkvæmt rúymisáætlun

**Efnisval**
Í efnisvali og lausnum er lögð áhersla á alúð og birtu . Valin eru efni sem hafa náttúrulega og/eða eftirtektaverða áferð en fyrst og fremst er leitast við að skapa friðsamlegt og mannvænt umhverfi með áhugaverðri en áreitis lítilli ásýnd. Veggir og þak eru CLT krosslímdar timbureiningar sem styttir framkvæmdatíma á staðnum og hefur þannig sem minnst áhrif á nágranna á byggingatímanum. Byggingin er einangruð að utan með íslenskri steinull og klædd með ljósri „strikaðri" umhverfisvænni málmklæðningu. Viður í loftklæðningum við inngang mun draga fram vinalega viðmótið og sýna lífið innandyra en þar er mikil hlýja í efnis- og litavali. Efnisval innandyra er náttúrulegt og hlutlaust og tengist sjónrænt gróðri og útivista svæði sem verða þannig hluti inni rýmis. Gert er ráð fyrir sveigjanleika í útfærslu innréttinga á heimasvæðum deildanna sem auðveldar breytingar og aðlögun að nýjum útfærslum eftir þörfum.




**Byggingarskipulag**
Tæknirými og eldhús er komið fyrir á norður hluta lóðs. á meða stjornunarými esnú aí austur á móti bílastæði. Námsvæðin er snúa í vestur og suður í átt að garð og útivistarsvæði.

**BREEAM**
Við hönnun byggingarinnar yrði stuðst við BREEAM vottunarkerfið. Vottunarkerfið leggur áherslu á ábyrgt efnisval, skilvirka nýtingu auðlinda og bætta heilsu og vellíðan notenda bygginga. Horft er til alls lífsferils byggingarinnar með lágmörkun umhverfisáhrifa um leið og hugað er að sveigjanleika í notkun. Lágmarka skal notkun eiturefna í byggingarefnum til þess að tryggja góða innivist. Aðgengi vistvænna samgöngumáta að byggingu er mjög gott. Sérstaklega yrði hugað að frárennsli lóðar og horft til blágrænna ofanvatnslausna. Í samræmi við BREEAM viðmiðin snýst hönnunin að því að hámarka dreifingu náttúrulegrar birtu í byggingunni með birturíku rými, þakgluggum og gagnsærri skiptingu rýma.




**Form**
Byggingin er formuð með að drags byggingarhluta inn og út. Einig er byggingarhluta hækkuð til að veita út sýni og hleypa meiri dagbirtu inn heimastofur og fjölnotasal.

**Lýsing/raflagnakerfi**
Hönnun lýsingar og rafkerfa miðar að því að orkunotkun verði í lágmarki á rekstrartíma. Svo til öll rými hússins njóta dagsbirtu sem dregur úr þörf fyrir raflýsingu. Gert er ráð fyrir innbyggðri lýsingu og raflagnakerfi í lofti. Öll ljós með stýranlegri LED-lýsingu. Sannað er að rétt lýsing hefur jákvæð áhrif á heilsu og líðan fólks og mikilvægt er að fá ráðgjöf fagaðila svo lýsingin verði sem allra best og með aðlögun að starfseminni. Lýsing á lóð er bæði stillt með tíma og hreyfiskynjurum til að stuðla að skilvirkri og hagkvæmri lýsingu.




**Dagsbirta og útsýni**
Timburramma eru staðsett fyrir utan hvert heimasrými til að minka sólarálag.

**Hljóðvist**
Hljóðvist er óaðskiljanlegur hluti af góðu starfsumhverfi. Skipulag byggingarinnar hefur í för með sér skilvirkan hljóðaðskilnað ólíkrar starfsemi innanhúss. Tillagan tekur tillit til mikilvægis góðrar hljóðvistar sem einn af þeim þáttum sem hefur hvað mest áhrif á vellíðan og heilsu barna. Endurómun í rýmum er takmörkuð með því að notast við hljóðísogsefni af góðum gæðum þar sem við á.

**Loftræsting og lagnakerfi**
Vélræn loftræsting verður í byggingunni, en leitast er við að hún verði loftræst á eins náttúrulega hátt og kostur er. Vatnslagnir eru hannaðar með það í huga að notkun vatns sé stillt í hóf, þannig eru blöndunartæki og salernivatnssparandi. Loftræsting tekur mið af ströngustu kröfum. Notast verður við blágrænar lausnir við hönnun á frárennsli og ofanvatni frá öllum þökum. Gert er ráð fyrir rými fyrir loftræstikerfi innbyggt í loft byggingarinnar. Lagnakerfi er haft sem einfaldast með því að hafa votrými tilsamans í byggingunni eins og hægt er. Hiti er í öllum gólfum, í fatarými þurrkar hitinn bleytu sem kemur inn með blautum fötum og votum skóm.

Heildarbrúttóstærð 1542m$^2$

70107




Grunnmynd 1:200




Afstöðumynd 1:1000

**Leikskólinn**
Aðalinngangur leikskólans er í austur. Yfirbyggð hjólastæði eru við innganginn til norðurs og vagnageymslur eru staðsett á lóð nálægt inngangum heimastofunum.  Vörumóttaka er við bílastæðin norðan megin við bygginguna. Það er gert ráð fyrir 16 hjólastæðum fyrir framan inngang leikskólans. Matsalurinn / fjölnotasalurinn er bjartur og aðlaðandi með tvöfaldri lofthæð. Hann tengist sameiginlegu námssvæði vel og nýtist sem hluti þess utan matmálstíma. Sex heimastofur allar með eigið salerni og skiptiaðstöðu fyrir börnin. Á heimastofum eru stórir gluggar sem snúa út í garð.  Einnig býður þessi opnun upp á góða birtu dýpra inn á heimasvæðin. Heimastofur nota einungis miðlægt anddyri og fatahólf sem snýr í átt að garði þegar farið er út á leikskólatíma. Börnin myndu þá fara úr skónum í anddyrinu og geyma þá í fatahólfunum sínum. Fatahólf heimastofurnar nýtast einnig við leik og störf. Heimastofurnar hafa góða tengingu við sameiginlega svæðið. Skrifstofur skóla- og aðstoðarskólastjóra eru nálægt inngangi svo foreldrar og aðstandendur eigi greiðan aðgang að þeim.

**Garðurinn**
Garðurinn er hannaður með það að leiðarljósi að bjóða upp á fjölbreyttan leik fyrir alla aldurshópa og skapa ramma utan um sköpunargáfuna. Á lóðinni er að finna stóran kastala, þrautabraut og hólalandslag sem virkjar hreyfiþroska og frjálsan leik. Sérstakt leiksvæði er fyrir yngstu börnin, þar er að finna leiktæki sem hentar þeirra getu betur. Rólegt og náttúrulegt yfirbragð einkennir garðinn og möguleiki á því að vera í friði fyrir þau börn sem kjósa næði. Leiktæki eru almennt úr náttúrulegum vistvænum efnum og falla vel að umhverfinu. Setstallarnir fyrir framan gróðurhús nýtast fyrir viðburði og kennslu.



Fjölnotasalur horft frá bókasafni

70107



Útlit Austur 1:200



Útlit Vestur 1:200



Útlit Norður 1:200



Útlit Suður 1:200



Snið A-A 1:200



Snið B-B 1:200



Snið C-C 1:200



Aðkoma í austur



Horft yfir aðkoma í austur



Heimastofa

70107